



## Ársfundir byggðasamlaganna

Haldinn föstudaginn 15. nóvember 2019 í Turninum í Firði í Hafnarfirði og hófst fundurinn kl. 11:30 og lauk kl. 14:00.

### 1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri fór yfir Ársskýrslu slökkviliðsins.

### 2. Sorpa.

Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður Sorpu fór yfir skýrslu stjórnar. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar er að vinna að endurskoðun kostnaðaráætlana hjá Sorpu. Þá er unnið að heildarlausn sorpmála á höfuðborgarsvæðinu. Þá ræddi Birkir um samræmda flokkun á sorpi á höfuðborgarsvæðinu. Endurnýja þarf endurvinnslustöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu. Samræma þarf stofnsamninginn og eigendastefnu Sorpu.

Björn Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu fór yfir verkefni Sorpu, stöðu þeirra og hvað sé á döfinni.

### 3. Strætó.

Björg Fenger stjórnarformaður Strætó, fór yfir stefnumótunarvinnu og framtíðarsýn Strætó. Horft er til markmiða Sameinuðu þjóðanna nr. 11, 12 13. Fór yfir áherslur næstu 5 ára.

Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó fór yfir ársskýrslu Strætó.

### 4. Umræður um málefni byggðasamlaganna

Til máls tekur Theódóra S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi og ræddi um áætlanagerð Sorpu og fjárfestingaáætlanir.

Theódóra leggur fram eftirfarandi tillögu frá bæjar- og borgarfulltrúum Viðreisn:

*„Í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í rekstraráætlun Sorpu fyrir árin 2020-2024, um það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, leggja sveitarstjórnarfulltrúar Viðreisnar á höfuðborgarsvæðinu til að SSH verði falið að skoða hvort annað fyrirkomulag en nú er, henti betur fyrir rekstur endurvinnslustöðva, m.a kosti þess að rekstur þeirra verði boðinn út“.*

Miðað við skýringar í greinargerð sem fylgir rekstraráætlun Sorpu 2020-2024 og varða endurvinnslustöðvarnar þá er ljóst að þeim árangri sem lagt er upp með, verður ekki náð. Í rekstraráætlun er lagt til að setja 1,6 ma. kr. í fjárfestingar en undirstrikað er að samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um verkefni nýfjárfestinga á endurvinnslustöðvunum eða fjármögnun þeirra, heldur verður fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin. Endurvinnslustöðvarnar eru allar í endurskoðun og þurfa þær ýmist að víkja, stækka, breyta eða endurbæta. Við þessi tímamót er heppilegt að rýna hvort ákjósanlegt sé að breyta fyrirkomulaginu í heild sinni. Leggja upp með ný markmið og skoða kosti þess að rekstur þeirra verði boðinn út.

Til máls tekur Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi og ræddi um stöðu byggðasamlaganna.

Til máls tekur Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi. Ræddi hann starfsemi Strætó.

Til máls tekur Alexandra Briem og ræddi starfsemi byggðasamlaganna.



Til máls tekur Ólafur Kr. Guðmundsson varaborgarfulltrúi.

Til máls tekur Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi í Garðabæ.

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar og segir frá vinnu sem eigi að fara af stað um endurskoðun byggðasamlaganna.

Til máls tekur Guðmundur Geirdal, bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Til máls tekur Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar. Lagði hann áherslu á að gera þurfi breytingar á rekstri byggðasamlaganna.

Til máls tekur Björn Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu. Hann segist tilbúinn til þess að mæta á alla fundi bæjarráða og borgarráðsfundi sé þess óskað. Sorpa hefur fengið eftirtaldar vottanir, gæðavottun 2011, umhverfisvottun 2014, jafnlaunavottun 2015 og Svansvottun 2016. Unnið er að því að því að fá vottun 27001, upplýsingaöryggisstaðal.

Til máls tekur Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó. Sagði frá greiðslukerfi Strætó, og svæðaskiptingu sem er til umræðu hjá stjórn. Jafnlaunavottun kom 24. október sl. jafnréttisáætlun er til. Drægni rafmagnsvagna er um 2 klst.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, upplýsir, að ekki gangi vel að ráða konur í útkallsteymið. Jafnlaunavottun ekki komin, en er í vinnslu og vonast til að henni ljúki á næstu mánuðum.

Til máls tekur Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og segir að fundargerðir og aðgangur að gögnum hjá SSH sé á heimasíðu SSH. Unnið að er að því að unnt sé að skrá sig inn á lokað gagnasvæði með rafrænum skilríkjum. Svo virðist sem gögnin sem SSH sendi sveitarfélögum rati ekki alltaf til nefnda og ráða.

Fundarstjóri leggur til að tillögu frá Viðreisn verði vísað til stjórnar SSH. Samþykkt. Einn greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 14:00